

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnar-
arlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Bjarnasonar hæstaréttar-
lögmanns, kr. 10.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 19. nóvember 1969.

Nr. 154/1969. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn

Gunnari Einarssyni

(Áki Jakobsson hrl.).

Dómenður:

hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Benedikt Sigur-
jónsson, Einar Arnalds og Gizur Bergsteinsson og Hákon Guð-
mundsson yfirborgardómari.

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.

Dómur Hæstaréttar.

Arnar G. Hinriksson, fulltrúi bæjarfógetans í Keflavík, hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Eftir áfrýjun málsins hafa lögreglumenn þeir, sem fóru með mál ákærða, komið fyrir dóm. Er vætti þeirra, sem þeir hafa heitfest, í samræmi við atvikalýsingu héraðsdóms. Með þessum athugasemdum ber að staðfesta héraðsdóminn.

Ákærði greiði kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 8.000.00, og laun verjanda síns, kr. 8.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur.

Ákærði, Gunnar Einarsson, greiði kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr.

8.000.00, og laun verjanda síns, Áka Jakobssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 8.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Keflavíkur 24. júní 1969.

Mál þetta, sem þingfest var og dómtekið í dag, er höfðað af ákærvaldsins hálfu með ákæru saksóknara ríkisins, dags. 1. október 1968, gegn Gunnari Einarssyni bifreiðarstjóra, Sólvalla-götu 12, Keflavík, fyrir að aka aðfaranótt laugardagsins 2. maí 1968 undir áhrifum áfengis bifreiðinni G 719 frá Sólvallagötu 42 í Keflavík norður þá götu að heimili sínu, Sólvallagötu 12, þar sem akstri lauk.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga, sbr. nú sömu greinar laga nr. 40/1968, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til öku-leyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er fæddur 29. maí 1919 í Keflavík og hefur samkvæmt sakaskrá ríkisins sætt þessum refsingum:

- 1936 7/2 í Hafnarfirði: Sátt, bifreiðarakstur án réttinda og akstur á ljóslausu reiðhjóli, kr. 100.00 í sekt.
- 1936 6/7 í Hafnarfirði: Sátt, ók bifreið próflaus, kr. 10.00 í sekt.
- 1942 18/6 í Hafnarfirði: Sátt, 260 kr. sekt fyrir brot á lögum nr. 33/1935 og lögum nr. 63/1937.
- 1953 11/5 í Reykjavík: Sátt, 75 kr. sekt fyrir brot á 18. gr. áfengislaga og 7. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.
- 1961 29/1 í Keflavík: Sátt, 100 kr. sekt fyrir brot á 38. gr., 1. mgr., laga nr. 26/1958.
- 1964 29/1 í Keflavík: Dómur: 10 daga varðhald, sviptur öku-réttindum í 1 ár frá 1. júní 1963, fyrir brot á áfengis-lögum og umferðarlögum.
- 1966 7/3 í Keflavík: Sátt, 100 kr. sekt fyrir brot á 1. mgr. 50. gr. umferðarlaga.
- 1967 1/11 í Keflavík: Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot á 1. mgr. 38. gr. umferðarlaga.

Málavextir eru þessir:

Aðfaranótt laugardagsins 2. marz s.l., kl. 0335, hringdi ákærði

á lögreglustöðina í Keflavík og óskaði eftir, að lögreglan æki heim fyrir sig bifreið, er hann var með við fjölbýlishúsið Sólvallagötu 42, þar sem hann hefði neytt áfengis.

Um kl. 0400 fóru tveir lögreglumenn á staðinn til að aka bifreiðinni heim fyrir ákærða. Biðu þeir í góða stund fyrir framan húsið, en urðu engra mannaferða varir. Stóð bifreiðin G 719, sem ákærði hefur til umráða, við húsið. Fóru lögreglumennirnir á brott við svo búíð.

Um kl. 0415 höfðu lögreglumennirnir talstöðvarsamband við lögreglustöðina, og var þeim þá sagt, að ákærði hefði hringt aftur varðandi heimaksturinn og hefði honum verið sagt að huga betur að lögreglunni, þar sem hún væri sennilega stödd við húsið.

Hugðust nú lögreglumennirnir gera aðra tilraun til að hitta ákærða. Er þeir voru staddir á Flugvallarvegi, sáu þeir, hvar bifreiðinni G 719 var ekið af stað frá Sólvallagötu 42 og sem leið lá norður götuna. Veittu þeir nú bifreiðinni eftirför, en náðu henni ekki fyrr en við heimili ákærða, þar sem hún var stöðvuð við húsið. Var nú haft tal af ökumanni, sem reyndist vera ákærði í máli þessu, og virtist hann vera undir allmiklum áfengisáhrifum af málfari og hreyfingum að dæma.

Var ákærði því færður til læknis, sem tók honum blóð til alkóhólákvörðunar. Niðurstaða alkóhólranssóknarinnar varð sú, að í blóði ákærða fundust reducerandi efni, sem samsvara 1.33% af alkóhóli.

Hér fyrir dómi hefur ákærði skýrt svo frá, að hann hafi farið út í bifreiðina G 719 og ætlað að biða þar lögreglunnar. Síðan sagði ákærði, að sig hafi brostið minni, en næst hafi hann munað eftir sér, að hann var að koma á bifreið sinni að heimili sínu.

Ákærði viðurkenndi að hafa verið mikið ölvaður, er fyrrgreindur akstur átti sér stað.

Samkvæmt játningu ákærða, niðurstöðu alkóhólranssóknar og öðru því, sem hér að framan er rakið, þykir sannað, að ákærði hafi gerzt sekur um þá háttsemi, sem honum er gefin að sök í ákæruskjali og er þar rétt færð til refsíákvæða.

Hér er um ítrekað brot hjá ákærða að ræða. Hann var dæmdur í 10 daga varðhald og 1 árs ökuleyfissviptingu fyrir brot á áfengis- og umferðarlögum í sakadómi Keflavíkur þann 29. janúar 1964.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin varðhald í 12 daga.

Þá ber samkvæmt 81. gr. umferðarlaga að svipta ákærða ökuréttindum ævilangt frá birtingu dóms þessa.

Þá ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, kr. 3.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Gunnar Einarsson, sæti varðhaldi í 12 daga.

Ákærði er sviptur ökuréttindum ævilangt frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði greiði sakarkostnað allan, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Áka Jakobssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 3.000.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 19. nóvember 1969.

Nr. 51/1969. **Ákæruvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)

gegn

Eyjólfi Guðjónssyni

(Gunnar M. Guðmundsson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómarnir Jónatan Hallvarðsson, Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds og Gizur Bergsteinsson og Hákon Guðmundsson yfirborgardómari.

Sýknað af ákæru um brot gegn tollögum.

Dómur Hæstaréttar.

Framhaldsrannsókn hefur verið háð í málinu, eftir að því var áfrýjað.

Eins og í héraðsdómi greinir, varðar mál þetta innflutning tveggja þvottavéla frá Þýzkalandi með m/s Vatnajökli sumarið 1966. Er fram komið í málinu, að eigandi annarrar vélarinnar var Sigurður Þorvaldsson, Heiðarbraut 5, Akranesi, en eigandi hinnar Skúli Skúlason, Kleppsvegi 58, Reykjavík. Kaup beggja vélanna fóru fram um hendur Bræðranna Ormsson h/f, Reykjavík. Í bréfi til sakadóms Reykjavíkur 26. september 1969 skýrði nefnt hlutafélag svo